



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

mánudagur, 11. júní, 2018

Ákvörðun nr. 18/2018

Kaup Hvaleyrar hf. á Bus Hostel ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst með bréfi dags. þann 7. maí 2018 tilkynning um kaup Hvaleyrar hf. (hér eftir Hvaleyri) á öllu hlutafé í Bus Hostel ehf. (hér eftir Bus Hostel). Tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum og viðauka II við þær.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 11. maí 2018 var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin teldist ófullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og framangreindum reglum Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitinu barst fullnægjandi samrunaskrá þann 15. maí 2018 og með bréfi dags. 16. maí 2018 var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin teldist fullnægjandi og að frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga hefðu byrjað að líða þann 15. maí sl.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum fyrirtækis til frambúðar. Er nánar tilgreint í a) til d) liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Fram kemur í samrunaskrá að Hvaleyri sé kaupandi að öllu hlutafé í Bus Hostel. Kaupin fela í sér samruna í skilningi b-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að Hvaleyri hf. sé hluti af samstæðu en móðurfélag þess er Pac1501 ehf. (hér eftir Pac1501). Pac1501 stendur einnig að starfsemi Hagvagna hf. og Hópbíla hf. ásamt því að eiga meirihluta hlutafjár í Reykjavík Sightseeing Invest ehf. Öll þessi fyrirtæki sinna fólksflutningum og alhliða þjónustu hópþífa og starfa á markaði sem skilgreindir hefur verið af Samkeppniseftirlitinu, t.d. í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2016 *Kaup Horns III slhf. á öllum hlutum í Hagvögnum hf., Hópbílum hf. og Hvaleyri hf.*,¹ sem heildarmarkaður fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum. Starfsemi Hvaleyrar felst í að reka fasteignir sem tengjast rekstri Hópbíla hf. og Hagvagna hf.

Pac1501 er í fullri eigu Horns III slhf. (hér eftir Horn III). Starfsemi Horns III felst í fjárfestingum í hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum og tengdum rekstri. Horn III er framtakssjóður (e. private equity fund) og er með rekstrar- og eignastýringarsamning við

¹ Ákvörðunina má nálgast á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.



Landsbréf hf., dótturfélag Landsbankans hf. Hluthafar Horns III eru rúmlega 30 talsins og samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og fagfjárfestum. Enginn hluthafanna á yfir 20% af hlutafé sjóðsins og er Landsbankinn þar á meðal með um 5% eignarhlut. Horn er fjárfestingarbandalag um óskráðar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi. Landsbréf hafa einnig rekstrarsamninga við fleiri fyrirtæki en ekkert þeirra starfar á sömu mörkuðum og þau félag sem samruni þessi tekur til.

Við fjárfestingu Horns III í Hvaleyri, Hagvögnum hf. og Hópbílum hf. gengust aðilar viðskiptanna undir skilyrði með sátt við Samkeppniseftirlitið sem m.a. er ætlað að tryggja samkeppnilegt sjálfstæði Hvaleyrar gagnvart Landsbankanum, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 28/2016.² Landsbréf voru þannig einnig aðili að sáttinni. Gekkst Hvaleyri þar undir það að haga upplýsingamiðlun til hluthafa Horns III með tilteknum hætti sem ætlað var að koma í veg fyrir að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar bærust til keppinauta. Skilyrði þessi eru enn í fullu gildi og vísast til umfjöllunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins varðandi þau samkeppnislegu vandkvæði sem skapast geta af því eignarhaldi sem um ræðir og að framan greinir.

Horn III á einnig meirihluta hlutafjár í Basko ehf. sem stendur að rekstri verslunarkeðjanna 10-11 og Iceland hér á landi, ásamt því að reka Dunkin' Donuts. Um kaupin var fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2016 *Kaup Horns III slfh. á hlut í Basko ehf.* Þeirri ákvörðun var jafnframt lokið með sátt eftirlitsins við aðila viðskiptanna þar sem mælt var m.a. sérstaklega um sjálfstæði Landsbréfa gagnvart Landsbankanum. Þá á Horn III einnig helmingshlut í Líflandi sem sinnir margvíslegri þjónustu við landbúnað og tengdar greinar, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 13/2017 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Líflandi ehf.* Horn III er einnig eigandi 40% hlutafjár í Bílaleigu Flugleiða ehf. sem er sérleyfishafi fyrir Hertz International á Íslandi, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 10/2018 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Bílaleigu Flugleiða ehf.* Í framangreindum málum voru jafnframt sett sambærileg skilyrði til að sem ætlað var að girða fyrir þá hugsanlegu samkeppnisbresti sem af umræddu eignarhaldi getur leitt. Gilda þau skilyrði enn fullum fetum.

2.1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Verður því að byrja að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga en samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Hvaleyrar sé takmörkuð við rekstur fasteigna sem tengjast starfsemi annarra félaga í eigu Pac1501 og fer starfsemi félagsins fram á markaði fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis. Hagvagnar hf., Hópbílar hf. og Reykjavík Sightseeing ehf. starfa á heildarmarkaði fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum eins og markaðurinn var skilgreindur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2016. Að mati samrunaaðila ríkir mikil samkeppni á þeim markaði þar sem nokkrir stórir aðilar eru með umfangsmikla starfsemi.

² Sjá skilyrði sáttarinnar í ákvörðunarorðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2016.



Samrunaaðilar telja ljóst að félög undir yfirráðum Pac1501 hafa ekki í neinum skilningi markaðsráðandi stöðu á þessum markaði.

Í samrunaskrá kemur einnig fram að Bus Hostel starfrækir Bus Hostel að Skógarhlíð í Reykjavík og Hótel Grím við Efstaland í Reykjavík. Fyrirtækið starfrækir ekki veitingaþjónustu. Markaður sá sem félagið starfar á telst vera markaður fyrir hótulgistingu á höfuðborgarsvæðinu. Í skránni er að finna upplýsingar um áætlaða heildarstærð markaðarins og áætlaða hlutdeild samrunaaðila á þeim markaði. Fram kemur að Bus Hostel hafi gistirými fyrir 118 gesti en samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands er heildarfjöldi rúma á hótelum á höfuðborgarsvæðinu 10.576. Miðað við ofangreindar tölur um fjölda rúma á hótelum á höfuðborgarsvæðinu telja samrunaaðilar hlutdeild Bus Hostel á markaðnum vera lítil eða um 1%. Þá segir að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafi fjöldi gistinguáttá á hótelum á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2017 numið 2,6 milljónum. Einnig liggja fyrir þær upplýsingar í upplýsingabrunni um ferðalög á Íslandi, á heimasíðunni www.ferdalag.is, að fjöldi hótela á höfuðborgarsvæðinu sé 54 og farfuglaheimili og hostel séu tólf talsins. Því sé ljóst að fjölmargir aðilar bjóða upp á þjónustu á þessum markaði og þeir aðilar sem hafa mestu markaðshlutdeildina séu ótengdir samrunaaðilum.

Þá er að finna umfjöllun samrunaaðila um aðgangshindranir að markaðnum fyrir hótulgistingu á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi þeirra aðila sem bjóða upp á þjónustu á þeim mörkuðum sem um ræðir bendir, að mati samrunaaðila, til þess að aðgangshindranir séu litlar. Þannig er ekki takmarkaður fjöldi aðila sem getur fengið leyfi til að stunda umrædda starfsemi og kostnaður við öflun leyfa er óverulegur. Samrunaaðilar telja, samandregið, að aðgangshindranir að markaðnum séu litlar og samkeppni virk, og að samruninn muni ekki hafa áhrif á aðgang að markaðnum eða hindra virka samkeppni.

Loks kemur fram í samrunaskrá það mat samrunaaðila að samruninn muni ekki hafa nein áhrif á þeim mörkuðum sem félögin starfa þar sem um samsteypusamruna er að ræða. Einnig starfar ekkert þeirra fyrirtækja sem er undir yfirráðum Horns III á sama markaði og Bus Hostel.

Samkeppniseftirlitið gerir í þessu máli ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á markaði málsins. Eftirlitið telur þannig að í máli þessu sé um að ræða tvo markaði, þ.e. markað fyrir hótulgistingu á höfuðborgarsvæðinu og heildarmarkað fyrir fólksflutninga með hópþífreiðum. Þó kunna rök að standa til þess að greina fyrrgreindan markað nánar niður, t.d. eftir þjónustustigi á gistimarkaði.³Slík rannsókn hefur þó að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls.

III. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Í máli þessu telur Samkeppniseftirlitið ljóst að um sk. samsteypusamruna sé að ræða, þar sem Horn III, eða félög undir sömu yfirráðum, hafa ekki starfsemi á sama markaði og Bus Hostel starfar á samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá. Er því ekki um neina samþjöppun

³ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 28. febrúar 2011 í máli nr. COMP/M.6058, mgr. 13.



að ræða í máli þessu í kjölfar samrunans. Þá er ljóst að hlutdeild Bus Hostel er ekki mikil á þeim markaði sem það starfar á.

Að virtum gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Hvaleyrar ehf. á Bus Hostel ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson